



EIGINHANDARÁRITUN
Leikmenn KA höfðu ekki undan að gefa ungum aðdáendum eiginhandaráritanir sínar eftir sigurinn í SS-bikarnum.

Arnór Atlason, leikmaður KA: Æðisleg tilfinning

HANDBOLTI Arnór Atlason skoraði 13 mörk fyrir KA gegn Fram og sýndi og sannaði að hann er orðinn einn allra besta leikmaður okkar Íslendinga.

„Við vorum ekki ánægðir með leik okkar í fyrri hálfleik en vorum samt tveimur yfir. Við hefðum samt átt að vera með meira forskot. Við fundum það alveg frá byrjun að við vorum sterkari. Það var eiginlega gamli félaginn okkar, Petsja [Egidijus Petkevicius, markvörður Framara], sem var aðallega að angra okkur. Ef það hefði ekki verið fyrir hann hefðum við valtað yfir þá frá byrjun,“ sagði Arnór.

„Í seinni hálfleik small vörnin hjá okkur saman og ég veit eiginlega ekki hvað var að honum í markinu [Hafþóri Einarssyni]. Hann varði eins og ég veit ekki hvað,“ sagði Arnór með bros á vör og bætti við: „Þá var sóknarleikurinn ekki mikið vandamál en vörnin og markvarslan lögðu grunninn að sigrinum. Það var búið að tala um Framarana sem gott varnarlið en ég get ekki betur séð en við höfum sannað okkur sem mjög gott varnarlið. Þetta er æðislega tilfinning og vonandi bara forsmekkurinn að því sem koma skal,“ sagði ungstirnir Arnór. ■



ARNÓR
Skoraði 13 mörk í úrslitaleiknum í gær.

Jóhannes Bjarnason, þjálfari KA:

Þeir spiluðu undir getu

HANDBOLTI Jóhannes Bjarnason, þjálfari KA, var stoltur af strákunum sínum. „Þetta er ólýsanleg tilfinning og bara eitthvað sem mann dreymdi um þegar maður var að byrja að þjálfra fyrir einhverjum tuttugu árum síðan,“ sagði Jóhann. „Þetta spilaðist illa fyrir Framara. Þeir fá á sig mörg mörk eftir hraðaupphlaup og það er niðurdrepani að þurfa alltaf að byrja upp á nýtt. Þeir spiluðu greinilega undir getu í dag. Nú skemmtum við okkur fram á mánudag en setjum síðan stefnuna á stóru dolluna í vor,“ sagði vígreifur og alsæll Jóhannes. ■



JÓHANNES
Var stoltur af strákunum sínum í gær.

KA bikarmeistari í þriðja sinn

KA er bikarmeistari karla í handbolta eftir öruggan sigur á Fram, 31-23, í úrslitaleik í Laugardalshöll.

HANDBOLTI Eins og tölurnar gefa til kynna voru KA-menn sterkari aðilinn í gær. Þeir höfðu tveggja marka forystu í hálfleik 12-10 og juku muninn jafnt og þétt í síðari hálfleik. Lokatölur urðu 31-23 og öruggur sigur KA-manna í höfn. Þetta var þriðji bikarmeistaratitillinn í sögu félagsins.

Arnór Atlason átti stórleik í liði KA og skoraði 13 mörk. Andreas Stelmokas var næstmarkahæstur með sjö mörk. Markvörður KA,



BIKARINN Á LOFT

Leikmenn KA hampa SS-bikarnum með sigurbros á vör í Laugardalshöll í gær.

Hafþór Einarsson, var í miklu stuði í leiknum og varði 23 skot. Hjá Fram voru þeir Stefán B.

KA -FRAM 31- 23 (12-10)

Mörk Fram:

Stefán Baldvín Stefánsson 5
Valdimar Þórssón 5/2
Arnar Þór Sæþórsson 4
Héðinn Gíllson 4
Jón Björgvín Pétursson 2
Hjálmar Vilhjálmsson 2
Jón Þór Þorvarðarson 1
Guðjón Finnur Drengsson
Hafsteinn Ingason
Martín Larsen
Þorri Björn Gunnarsson

Varin skot:

Egidijus Petkevicius 16
Sigurjón Þórðarson 2

Fiskuð víti:

3, Arnar, Hjálmar, Héðinn
Hraðaupphlaup: Héðinn 4, Stefán 3
Brottvísanir: 6 mínútur

Stefánsson og Valdimar Þórssón markahæstir með fimm mörk hvor. Edgar Petkevicius varði 16 skot í markinu þar til hann fór meiddur út af um miðjan síðari hálfleik. ■

Mörk KA:

Arnór Atlason 13/5
Andreas Stelmokas 7
Einar Logi Friðjónsson 4
Ingólfur Axelsson 3
Sævar Árnason 3
Árni Björn Þórarinnsson 1
Jónatan Magnússon 1
Bjartur Máni Sigurðsson

Varin skot:

Hafþór Einarsson 25/1

Fiskuð víti: 5, Einar, Stelmokas, Jónatan, Árni, Sævar

Hraðaupphlaup: Arnór 3, Stelmokas 3, Einar Logi 2
Brottvísanir: 6 mínútur

FSKS
Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði



Punglyndi

Sálfræðilegt sjónarhorn

Fræðsluerindi á vegum

Félags sérfræðinga í klínískri sálfræði

Haldið í „Námunni“, húsnæði Endurmenntunar Háskóla Íslands, Dunhaga 7
Átta fyrirlestrar á fimmtudagskvöldum í mars 2004, kl. 20:15-22:00

Opnir fyrirlestrar - allir velkomnir

Dagskrá:

Fimmtudagur 4.3.

1. Punglyndi: Sálfræðileg sýn á vaxandi vanda.

Árangursrík meðferð, en skert aðgengi. Oddi Erlingsson, klínískur sálfræðingur

2. Punglyndi: Einkenni, orsakir og algengi. Jón Sigurður Karlsson, klínískur sálfræðingur

Fimmtudagur 11.3.

3. Punglyndi, líkamlegir sjúkdómar og streita. Dr. Hörður Þorgilsson, klínískur sálfræðingur

4. Punglyndi, áföll og erfið lífsreynsla. Álfheiður Steinþórsdóttir, klínískur sálfræðingur

Fimmtudagur 18.3.

5. Hvað er hugræn atferlismeðferð? Hugræn atferlismeðferð við þunglyndi.

Auður R. Gunnarsdóttir, klínískur sálfræðingur

6. Punglyndi og misnotkun áfengis. Ása Guðmundsdóttir, klínískur sálfræðingur

Fimmtudagur 25.3.

7. Jákvæð sálfræði: Forvörn við þunglyndi.

Dr. Gunnar Hrafn Birgisson, klínískur sálfræðingur

8. Forvarnarstarf hjá börnum, unglíngum og fullorðnum.

Dr. Eiríkur Örn Arnarson, klínískur sálfræðingur

Fundarstjórn: Gunnar Hrafn Birgisson og Oddi Erlingsson.

Dagskráin er haldin með stuðningi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og verkefni Landlæknisembættisins, Þjóð gegn þunglyndi.

Aðgangseyrir kr. 500,-



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Heimir Ríkharðsson, þjálfari Fram:

Ekki tilbúnir í slaginn

HANDBOLTI Heimir Ríkharðsson, þjálfari Framara, tók tapinu af karlmennsku. „Ég vil bara óska KA-mönnum innilega til hamingju með bikarinn, þeir eiga þetta fyllilega skilið. Þeir voru einfaldlega tilbúnir í þennan slag en við ekki, það er ekkert flóknara en það,“ sagði Heimir. „Það vantaði einhverja trú á þetta hjá okkur og um leið og við misstum þá fram úr var bara eins og menn hefðu gefist upp. Þetta var ekki okkar dagur, þeir voru ákveðnari í öllum aðgerðum, börðust meira og voru klárlega betri. Við spiluðum ekki eins og við lögðum upp með en það þýðir lítið að hengja haus yfir



HEIMIR

Segir að meiri trú hafi vantað í Fram-liðið.

Þessu. Nú er það bara áframhaldandi barátta í deildinni og við stefnum ótrauðir á úrslitaleikþoppina,“ sagði Heimir. ■